

Þjónustusamningur um samræmda móttöku flóttafólks

1. gr.

Gildissvið og markmið

Samningur þessi tekur til þjónustu móttökusveitarfélags vegna samræmdrar móttöku flóttafólks samkvæmt kröfulýsingu sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur gefið út og er fylgiskjal 1 með samningi þessum. Í kröfulýsingunni er að finna lýsingu á þeim lágmarkskröfum sem ráðuneytið gerir til móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks á rekstrarfyrirkomulagi þjónustunnar og þjónustu við flóttafólk.

Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólk samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur. Með samræmdu móttökukerfi flóttafólks er stefnt að því markmiði að tryggja flóttafólk nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þáttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum.

2. gr.

Samningsaðilar

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi).

Sveitarfélag, heimili, xxx Sveitarfélag, kennitala: xxxxxx (hér eftir nefnt þjónustusali).

3. gr.

Ábyrgð þjónustukaupa

Með samningi þessum ber þjónustukaupi ábyrgð á að:

- Veita fjármagn til móttokuverkefnisins samkvæmt samningi þessum.
- Greiða fyrir stoðþjónustu hjá Fjölmennigarsetri og Vinnumálastofnun eins og nánar er skilgreint í kröfulýsingu.
- Skipa Samstarfs- og samhæfingarnefnd sbr. kröfulýsingu.
- Annast eftirlit og úttektir eins og nánar er kveðið á um í kröfulýsingu.
- Veita fjármagn til þróunarverkefna sem tengast verkefninu.
- Skipuleggja í samstarfi við Fjölmennigarsetur two starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

4. gr.

Ábyrgð og verkefni þjónustusala

Með samningi þessum tekur þjónustusali að sér að vera móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk samkvæmt skilgreiningu í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal 1, og hafa þegið boð um að setjast að í móttökusveitarfélagi (hér eftir nefndir notendur).

Þjónustusali samþykkir að veita að lágmarki xxx notendum þjónustu á grundvelli þessa samnings og skal hverjum og einum notanda veitt þjónusta til þriggja ára frá því að notandi hefur skráð lögheimili sitt í sveitarfélagið.

Þjónustusali samþykkir að veita á hverju ári að hámarki xxx notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.

Séu notendur þegar í þjónustu samræmdrar móttöku flóttafólks hjá þjónustusala við undirritun samnings þessa þá teljast þeir til þess heildarfjölda sem þjónustusali semur um að taka í þjónustu samkvæmt samningi þessum. Hafi sveitarfélag þegar verið þátttakandi í reynsluverkefni um samræmda móttöku við undirritun samnings þessa þá skal þjónustusali leggja fram þann fjöldu sem þegar er í samræmdri móttöku þess og tilgreina þann heildarfjöldu sem þjónustusali er tilbúinn til að taka á móti.

Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala miðast við þann fjöldu notenda skv. 2. mgr. sem þjónustusali tekur á móti á gildistíma samningsins skv. 12. gr. og gerðar hafa verið stuðningsáætlanir fyrir.

Þjónustusali skal veita notanda einstaklingsmiðaða þjónustu í samræmi við kröfulýsingu og kostnaðarlíkan sem eru fylgiskjöl með samningi þessum. Þó skal þjónustusali að lágmarki veita notanda þjónustu annan hvern mánuð, svo sem í formi viðtals eða virkniúrrædis.

Á gildistíma þjónustu þjónustusala gagnvart notanda, sbr. 5. mgr., getur viðkomandi aðfakkað þjónustuna og lokið henni áður en tímabilinu lýkur. Þjónustusali skal þá loka máli notanda. Óski viðkomandi eftir umræddri þjónustu á ný skal þjónustusali veita viðkomandi slíka þjónustu, sé svigrúm til þess skv. 2. og 3. mgr., og skal gildistími þjónustunnar þá taka mið af þeim tíma sem notandi hefur áður verið í þjónustu samræmdrar móttöku.

Flytjist notandi búferlum á milli sveitarfélaga á gildistíma samningsins geta sveitarfélög óskað eftir því að greiðslur skv. 6. og 7. gr. flytjist enn fremur á milli sveitarfélaga, enda séu bæði sveitarfélög in aðilar að verkefninu. Að höfðu samráði við Fjölmennningarsetur verður flutningur á greiðslum virkur frá og með öðrum mánuði eftir að lögheimili notanda er flutt. Frá fyrsta degi þess mánaðar telst það sveitarfélag sem flutt er til vera móttökusveitarfélag viðkomandi notanda.

Um ábyrgð og verkefni þjónustusala vísast til fyrrgreindrar kröfulýsingar þar sem kröfur til þjónustusala eru skilgreindar. Þá skal þjónustusali afla og miðla lyktölum og gögnum um veitta þjónustu. Fenginn skal óháður aðili til þess að gera úttekt á verkefninu og skal þjónustukaupi standa straum af kostnaði við úttektina.

5. gr.

Fyrirkomulag greiðslna og reikningar

Við undirritun samnings þessa greiðir þjónustukaupi XX m.kr. ársfjórðungslega út gildistíma samnings þessa. Sé árleg fjárhæð kostnaðar hærri en xx m.kr. sendir þjónustusali reikning fyrir mismuninum ásamt rökstuðningi fyrir auknum kostnaði. Greitt er í samræmi við fjöldu stuðningsáætlana sem þjónustusali hefur skilað til Fjölmennningarseturs. Greitt er samkvæmt kostnaðarlíkani, sbr. fylgiskjal 2.

Greiða skal inn á reikning þjónustusala, nr. xxxxxxxxx af fjárlagalið: 07-999-149.

Ársfjórðungslega skal þjónustusali senda reikning til þjónustukaupa samkvæmt sniðmáti sem þjónustukaupi ákveður hverju sinni. Lokauppgjör skal gert eigi síðar en 1. september ár hvert.

6. gr.

Greiðslur

Greiðslur, aðrar en endurgreiðslur skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustukaupa til þjónustusala fyrir verkefni skv. kröfulýsingu eru:

- Vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til notanda af hálfu félagsþjónustu þjónustusala. Greiðslurnar byggja á kostnaðarlíkani, sbr. fylgiskjal 2, sem greinir umfang þessara þjónustupáttu í málum er falla undir samning þennan. Umfang mála er umreknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Kostnaðarlíkan er tilgreint sem fylgiskjal 2. Miðað er við kjarasamninga FÍ við SNR, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 25% í launatengd gjöld, 0,8% í fræðslu, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 45,8%.
- Vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem flóttafólk fær greiddan á samningstímanum, á grundvelli almennra reglna sem móttökusveitarfélagið setur skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er endurgreiddur sveitarfélaginu fyrstu tólf mánuðina.

**7. gr.
Eftirlit**

Þjónustukaupi hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samningsins, s.s. með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala á samningi þessum m.a. hvað varðar aðbúnað notenda og inntak þjónustu. Þjónustusali skal veita þjónustukaupa aðgengi og aðstoð til að þeim skyldum sé fullnægt, sé farið fram á það skriflega með sanngörnum fyrirvara.

**8. gr.
Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við notendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustusala verða fjárfamlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárfamlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárfamlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustusala á grundvelli skertra fjárfamlaga.

**9. gr.
Meðferð ágreiningsmála og vanefndir**

Telji samningsaðilar framkvæmd verkefnisins ábótavant (vanefndir), í heild eða að hluta, eða samningsaðilar uppfylla ekki samningsskyldur sínar, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lútandi. Eftir að athugasemdirnar hafa verið teknar upp í samstarfs- og samhæfingarnefnd samkvæmt kröfulýsingu ber viðkomandi samningsaðila að ráðast í úrbætur sem teljast mega nauðsynlegar miðað við efni samningsins, gerist þess þörf.

**10. gr.
Varnarþing**

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**11. gr.
Framsal og aðkeypt þjónusta**

Þjónustusala er óheimilt að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum. Honum er þó heimilt að semja við aðra aðila um að veita tiltekna þætti þjónustunnar og ber þá ábyrgð á henni með sama hætti og ef hún væri á eigin hendi.

**12. gr.
Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og gildir í þrjú ár frá undirritun hans.

**13. gr.
Ákvæði um endurskoðun.**

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er á gildistíma samningsins. Þó skal endurskoða samninginn þegar ár er eftir af samningstímanum frá undirritun hans. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir ákvörðun um hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er þrír mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg.

**14. gr.
Frumrit samnings**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörsu þjónustukaupa og annað í vörsu þjónustusala.

x. júní 2022

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Félags- og vinnumarkaðsráðherra

Nafn
Sveitarfélag

Fylgiskjöl:

1. Kröfulýsing um þjónustu móttökusveitarfélaga við flóttafólk. Fyrsta útgáfa, dags. 14. júní 2022.
2. Kostnaðarlíkan, dags. 14 júní 2022.